



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI, HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Skógtæknir / Skógræktar- og náttúrubraut

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Forestry technician

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- þekkir helstu tegundir trjágróðurs í ræktun á Íslandi, vistfræði íslensks gróðurlendis og er hæfur til að meta landgæði
- þekkir algengustu skaðvalda í skóg- og trjárækt og mótvægisáðgerðir gegn þeim
- kann aðferðir við viðarvinnslu
- gerir áætlun um framleiðslu skógarplantna og skjólbeltaplantna og skipuleggur skjólbeltaræktun
- skipuleggur og gróðursetur, hirðir um og grisjar í skógarreitum í samræmi við skógræktaráætlanir
- skipuleggur og leggur akvegi, gönguleiðir og reiðleiðir um opin svæði í útjaðri þéttbýlis í samræmi við svæðisskipulag og gildandi lög og reglugerðir. Hann gerir áætlun um viðhald á viðkomandi mannvirkjum
- tekur sjálfstæðar ákvarðanir og leiðbeinir um val og meðferð á plöntum og trjágróðri, við umhirðu skógar og opinna svæða og um algengustu skaðvalda í skóg- og trjárækt og mótvægisáðgerðir gegn þeim
- getur tjáð sig, munnlega og skriflega, um stöðu og framtíð greinarinnar út frá faglegum sjónarmiðum
- getur tekið að sér verkstjórn og er hæfur til að reka smáfyrirtæki
- gætir að öryggi á vinnustað, m.a. með notkun persónuhlífa.

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Skógtæknir/garðyrkjufraeðingur á sviði skógar og náttúru starfar við umhirðu skóglendis og grænna svæða í grennd við byggð, gjarnan við umsjón útivistarsvæða. Hann sér um eftirlit, verkstjórn og fræðslu á sviði náttúruumönnunar, þ.e. skógræktar, náttúruverndar og landgræðslu. Skógtæknir/garðyrkjufraeðingur, fer eftir lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið hans og er fær um viðtæka ráðgjöf.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfun, sjálfboðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

| | |
|--|---|
| Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrá framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út. | Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneyti |
| Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep | Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5. |
| Dæmi um áframhaldandi nám Viðbótarnám til stúdentsprófs | Alþjóðlegir samningar |
| Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008. | |

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er þrjú ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: Nám í skóla fjórar annir og verklegt nám í alls 72 vikur.

Inngönguskilyrði

Gert er ráð fyrir að umsækjandi hafi lokið 12 vikna reynslutíma við alhliða garðyrkjustörf auk hluta af verknámi áður en þeir hefja bóknað. Umsækjandi þarf að hafa lokið tveimur til fjórum önnum í framhaldsskóla. Heimilt er að meta reynslu úr atvinnulífi til hluta fornáms á framhaldsskólastigi og er það skoðað hverju sinni.

Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:
www.menntamalaraduneyti.is

Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is